

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Aðalfundur

Aðalfundur Fjárfestingafélagsins Hvamms ehf., kt. 440402-2670 (hér eftir „félagið“), var haldinn 10. júní 2024 í stjórnarsýsluhúsinu að Miðbraut 11, 370 Búðardal og hófst hann kl. 11:20.

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi dagskrá:

1. Setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar frá liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 lagður fram til staðfestingar ásamt athugasemdum.
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
5. Tillaga stjórnar um útgreiðslu arðs og hvernig skuli fara með hagnað eða tap.
6. Greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á árinu.
7. Önnur mál.

Fundinn sátu Ingibjörg Þórunna Steinudóttir og Garðar Freyr Vilhjálmsson sem fara með atkvæði Dalabyggðar og Andri Þór Árnason sem fer með atkvæði Byggðastofnunar.

1. liður dagskrár – setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Ingibjörg, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og lagði til að hún tæki að sér fundarstjórn. Var það samþykkt samhljóða. Ingibjörg tók við stjórn fundarins og lagði til að Andri ritaði fundinn. Var það samþykkt samhljóða.

Mætt er á fundinn fyrir hönd Byggðastofnunar og Dalabyggðar. Mætt er fyrir 100% hluthafa. Fundarstjóri fór yfir dagskrá, framlögð gögn og mætingu til fundarins. Fulltrúar hluthafa gerðu engar athugasemdir þar við.

Fundurinn er því næst lýstur löglegur og gengið til dagskrár.

2. liður dagskrár – skýrsla stjórnar frá liðnu starfsári.

Síðastliðið ár hefur, líkt og árið 2022, einkennst af uppbyggingarfasa vegna breytinga á félaginu.

Vinna hófst við að koma upp heimasíðu fyrir félagið og standa vonir til að sú vinna klárast á miðju ári 2024. Fjárfest var í atvinnuhúsnæði á Reykhólum sem leigt er út til fyrirtækis á svæðinu. Þá var árið vel nýtt í að greiða úr hinum ýmsu flækjum, t.d. varðandi virðisaukaskatt sem lá á húsnæði sem selt var árið 2022. Kaupandi hússins valdi að taka ekki yfir kvóðina og því greiddi Fjárfestingafélagið Hvammur virðisaukaskattinn.

Skipt var um stjórn á aðalfundi á síðasta ári. Andri Þór Árnason kom nýr inn í stjórn sem fulltrúi Byggðastofnunar og Garðar Freyr Vilhjálmsson kom einnig nýr inn í stjórn sem fulltrúi Dalabyggðar. Ingibjörg Þórunna Steinudóttir sat áfram í stjórn sem fulltrúi Dalabyggðar.

Byggðastofnun staðfesti í lok árs 2023 á auka hlutfé í félaginu og verður hlutur Byggðastofnunnar aukinn í 40%. Greiðsla skilaði sér þó ekki á árinu og mun því þessi breyting koma inn í ársreikning næsta árs.

3. liður dagskrár – ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 lagður fram til staðfestingar ásamt athugasemdum.

Stjórnarformaður félagsins lagði fram ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum og var hann staðfestur af hluthöfum.

Ársreikningurinn samþykkt samhljóða.

4. liður dagskrár – kosning stjórnar og endurskoðanda.

Fyrir fundinum lá tillaga um að kjósa stjórn félagsins. Fram kom tillaga þess efnis að stjórnina skipi eftirfarandi:

Andri Þór Árnason, kt. 080580-5179, Raftahlíð 2, 550 Sauðárkróki

Ingibjörg Þ. Steinudóttir, kt. 030983-4089, Rauðbarðaholti 2, 371 Búðardal

Garðar Freyr Vilhjálmsson, kt. 170290-2759, Lækjarhvammi 9, 370 Búðardal

Framkomin tillaga var samþykkt.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf., kt. 590975-0449 ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfyrtæki félagsins.

Framkomin tillaga var samþykkt.

5. liður dagskrár – tillaga stjórnar um útgreiðslu arðs og hvernig skuli fara með hagnað eða tap.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2023.

6. liður dagskrár – greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á árinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórnarlaun til stjórnarmanna félagsins verði óbreytt frá síðasta starfsári þ.e., kr. 20.000,- fyrir stjórnarmenn og kr. 30.000,- fyrir stjórnarformann.


Framkomin tillaga var samþykkt.

7. liður dagskrár – önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi því næst slitið kl. 11:35.

Búðardal, 10. júní 2024.


Þannig staðfest af stjórn félagsins:



Ingibjörg Þórhanna Steinudóttir
Stjórnarformaður og fundarstjóri



Andri Þór Árnason
Meðstjórnandi og fundarritari



Garðar Freyr Vilhjálmsson
Meðstjórnandi